

## **Veitt þjónusta**

Eftirfarandi þjónusta er innifalinn:

Öryggishnappur. Í íbúðinni er öryggishnappur til nota fyrir íbúa. Hnapparnir verða tengdir við hjúkrunarvakt HNLFF með sérstöku öryggiskerfi. Í kerfinu skal m.a. vera beintengdur sími með hátalara og hljóðnema þannig að vaktfólk geti rætt við íbúa með öruggum og áreiðanlegum hætti í síma. Hnappar og símar skulu vera þannig staðsettir að þeir tryggi öryggi íbúa sem best. Vöktun kerfisins og svörun verður í umsjón starfsfólks HNLFF sem veita mun íbúum aðstoð í gegnum síma, veita almennar ráðleggingar, kalla til vakthafandi lækni á heilsugæslustöð o.frv. Krefjist aðstæður þess að fara verði á staðinn eða gera ráðstafanir aðrar en hægt er að gera úr vaktherbergi hjúkrunarvaktar HNLFF greiða íbúar sérstaklega fyrir þau útköll.

Næturvarsla. HNLFF annast næturvörslu. Í næturvörslu felst að farnar eru þrjár eftirlitsferðir um svæðið á tímabilinu frá kl. 23.00 til kl. 07.00.

Brunaviðvörðunarkerfi er í íbúðunum. Stjórnstöð kerfisins verður staðsett og tengd við vaktherbergi HNLFF.

Aðgangur að baðhúsi HNLFF. Íbúar fá aðgang að baðhúsi HNLFF á auglýstum opnunartímum. Til baðhúss teljast inni- og útisundlaug, gufubað, blautgufa, víxlböð og heitir pottar. Meðferðartímar sjúklinga HNLFF eru lokaðir en íbúar geta valið að kaupa sérstaka hóptíma í laug.

Aðgangur að tækjasal HNLFF. Íbúar fá aðgang að tækjasal á auglýstum opnunartíma stofnunarinnar. Settar verða sérstakar reglur um notkun hans, en nýting hans verður m.a. háð því skilyrði að starfsfólk sé á staðnum til eftirlits.

Viðtal við íþróttfræðing. Íbúar fá reglulegt viðtal við íþróttfræðing og fá æfingaáætlun.

Aðgangur að bókasafni HNLFF. Íbúar geta nýtt sér bókasafn stofnunarinnar á auglýstum opnunartíma hússins.

Viðtöl við næringarfræðing. Íbúar fá reglulega viðtal við næringarfræðing á vegum HNLFF.

Heilsuböð/leirböð, partanudd: Hver íbúi fær á almanaksárinu, sex heilsuböð eða leirböð eftir vali og eitt partanudd í mánuði. Meðferðin er í boði á hefðbundnum meðferðartíma stofnunarinnar.

Aðgangur að ýmsu innra starfi HNLFF. Íbúum stendur til boða að taka þátt í ýmsum þáttum innra starfs HNLFF svo sem fræðslu, gönguhópum, kvöldvökum o.fl.

Hirðing lóða. HNLFF sér um slátt og hirðingu grassvæða við húsin á tímabilinu maí til september. Yfir vetrartímann er gert ráð fyrir að lauf sé hreinsað burt eftir að lauf eru fallin og fokrusl hreinsað a.m.k. einu sinni hvern mánuð. HNLFF sér um snjómokstur á göngustígum að útidyrum húsanna.

## **Önnur þjónusta gegn sérstök endurgjaldi**

Aðgangur að matsal HNLFF. Íbúar geta keypt tilbúinn mat í matsal HNLFF á matmálistímum:

morgunverðar	frá kl. 8.30 til kl. 10.00
hádegismatur	frá kl. 11.45 til 12.45
Eftirmiðdagshressing	frá kl. 15.00 til 16.00
kvöldmatur	frá kl. 18.15 til 19.15

Íbúum stendur til boða að kaupa matarkort til eigin nota, sem veitir afslátt af máltíðum og fá íbúar þannig notið sama verðs og félagar í NLF. Ekkert gjald er tekið fyrir heimsendingu.

Aðgangur að meðferðum: Íbúum býðst sérstök kjör fyrir leirböð, heilsuböð, nálastungur og nuddi umfram það sem greint er í þjónustusamningi.

Sjúkraþjálfun. Íbúar geta fengið aðgengi að sjúkraþjálfurum skv. tilvísun, gegn sérstöku endurgjaldi. samkvæmt gjaldskrá HNLFF.

Hóptímar: Íbúum býðst að kaupa aðgang að auglýstum hóptímum í leikfimi, sundleikfimi, fræðslu og hugleiðslu.

Ræsting: Íbúum stendur til boða þríf þjónusta á virkum dögum samkvæmt gjaldskrá.

Lóðaumhirða og snjómokstur. Íbúar geta fengið lóðaumhirðu, aðra en garðslátt, og snjómokstur umfram það sem er hluti af þjónustusamningi gegn endurgjaldi

Önnur þjónusta. Íbúar hafa aðgang að snyrtistofu, hárgreiðslustofu og heilsuverzlun á auglýstum opnunartímum

**Frekari upplýsingar um þjónustu HNLFF er í síma 483 0324.**

Verðlisti þjónustu umfram þess sem gildir í þjónustusamningi milli HNLFI og íbúa þjónustuhúsa:

### Baðhús

Frír aðgangur fyrir íbúa þjónustuhúsa

### Tækjasalur

Frír aðgangur fyrir íbúa þjónustuhúsa

Mismunandi meðferðir	Fullt verð	Afsláttur	Verð til íbúa þjónustuhúsa
Heilnudd, 50 mínútur	7.000	33%	4.700
Partanudd, 25 mínútur	4.300	33%	2.900
Leirbað, 35 mínútur	3.800	33%	2.500
Heilsubað, 20 mínútur	2.200	33%	1.500
Nálastungur, 30 mínútur	4.200	33%	2.800
<b>Matsalur</b>			
Morgunverður	850		400
Hádegisverður	1.350	33%	900
Miðdagshressing	500	33%	300
Kvöldverður	1.050	33%	700
Matarkort 1/2, 25 miðar			5.500
Matarkort 1/1, 50 miðar			11.000
Hádegisverður, 4 miðar, kvöldverður 3, morgunv. og miðdagshressing 1 miði Ekkert gjald er tekið fyrir heimsendingu			
<b>Ræsting</b>	Tímaverð, miðað við dagvinnu		1850
<b>Annað</b>			
Bolir, continental	1.900	33%	1.300
Bolir, Fruit of the Loom			
Vatnsbrúsar	300	33%	200
Snúningslök	1.600	33%	1.100
Heilsubrauð, bakað í eldhúsi HNLFI	500	33%	340
Heilsute HNLFI	520	33%	350
Nuddkrem	940	33%	600
Uppskriftabæklingur	1.000	33%	670
<b>Viðbótar lóðaumhirða</b>	Tímaverð, miðað við dagv.		1.850
<b>Sjúkraþjálfun/Íþróttakennari</b>	40 mín.		3.100
<b>Útkall hjúkrunarfræðinga</b>	1 klst.		3.100
<b>Hreinsun - HNLFI kemur þvottinum til og frá hreinsun</b>			
Sænguver / lak / peysa / pils / náttföt			200 pr. stk
Skyrta / blússa			250 pr. stk
Buxur			300 pr. stk
Koddaver			50 pr. stk

Öll ofangreind verð eru á mann

Ef vísað er í verðlista þá á það við gildandi verðlista á hverjum tíma

Verðlistinn gildir frá 16. mars 2007